

---

# LESTRARSTEFNA FLATASKÓLA

2021-2022



*Bók í hönd og þér halda engin bönd.  
Bók í hönd og þú berst niður á strönd.  
Bók í hönd og þú breytist í önd.  
Bók í hönd og beint út í lönd.*

*Þórarinn Eldjárn*

---

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Inngangur .....                                      | 3  |
| Lestur.....  | 3  |
| Lesfimi .....  | 3  |
| Lesskilningur .....                                  | 3  |
| Lestrarkennsluaðferðir .....                         | 4  |
| Hljóðaaðferðin.....                                  | 4  |
| Pals .....   | 4  |
| Gagnvirkur lestur.....                               | 5  |
| Samvinna heimilis og skóla í lestrarnámi barna ..... | 6  |
| Niðurstöður prófa og skimana .....                   | 7  |
| Lesferill .....                                      | 7  |
| Logoskimun.....                                      | 8  |
| Lesskilningspróf - Orðarún .....                     | 8  |
| Samræmd próf .....                                   | 8  |
| Sérkennari .....                                     | 8  |
| Lestrarskipulag .....                                | 9  |
| 1. bekkur.....                                       | 10 |
| 2. bekkur.....                                       | 11 |
| 3. bekkur.....                                       | 12 |
| 4. bekkur.....                                       | 13 |
| 5. bekkur.....                                       | 13 |
| 6. bekkur.....                                       | 14 |
| 7. bekkur.....                                       | 14 |

---

## Inngangur

Vinna við lestrarstefnu Flataskóla hófst vorið 2014 af hópi kennara við skólann og hefur verið endurskoðuð jafnt og þétt. Lestrarstefnunni er ætlað að byggja upp skýran ramma varðandi stefnu skólans í lestrarkennslu, draga fram helstu kennsluaðferðir og skimanir ásamt íhlutunum.

Lestrarþjálfun er sameiginlegt verkefni heimilis og skóla og áherslur taka mið af stöðu nemenda hverju sinni. Flataskóli notar viðmið Menntamálastofnunar um rétt lesin orð á mínútu. Lestrarstefna Flataskóla er skjal í stöðugri þróun og kennarar skólans vinna eftir. Hún er leiðbeinandi fyrir kennara, foreldra og forráðamenn, um hvernig unnið er með þjálfun lestrarfærni, lesfimiþróf, lesskilningsþróf, skimanir og greiningarþróf.

## Lestur

Lestrarþjálfun og góð lestrafærni er mikilvæg í námi allra barna og ungmenna og getur skipt sköpum varðandi framtíð þeirra. Í Flataskóla er stefnt að því að allir nemendur öðlist góða lestrarfærni sem er nauðsynlegt til þess að geta tekið þátt í samfélagi. Börnin eru misvel undirbúin til að takast á við lestrarnám í upphafi skólagöngunnar og rannsóknir benda til þess að mikill munur sé á flestum þáttum læsis strax í fyrsta bekk. Sé ekkert að gert er líklegt að þessi munur aukist enn frekar þegar líða tekur á skólagönguna. Í upphafi tengist lesturinn því að þekkja stafi og hljóð þeirra og tengja saman í orðbúta og setningar. Lesskilningur og góð lesfimi haldast svo í hendur en lesfimi byggir á nákvæmum og sjálfvirkum lestri og færni í hrynrænum þáttum tungumálsins, en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Fyrirhafnarlaus lestur, lesinn í viðeigandi hendingum (e. phrasing) og með réttu hljómfalli (e. intonation). Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði stutt við og takmarkað lesskilning (Kuhn, Schwanenflugel, Meisinger, 2010).

Lestur er ferli sem er í þjálfun alla skólagönguna. Lestur er málræn aðgerð sem byggir á samspili margra þátta sem eru nauðsynlegir til að túlka og skilja ritmál. Grunnur að góðri færni í lestri er lagður á fyrstu æviárum barnsins. Því betri málþroska sem barn hefur, því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám (Steinunn Torfadóttir, Lesvefurinn).

## Lesfimi

Lesfimi vísar til sjálfvirkrar samhæfingar á umskráningu, orðaþekkingu og lesskilningi, þannig að lesturinn verði bæði nákvæmur, hraður og sjálfvirkur. Nákvæmni felst í að lesa rétt en sjálfvirkni í því að þekkja framburð og merkingu ritaðs orðs um leið og það ber fyrir augu, fyrirhafnarlaust og án þess að þurfa að einbeita sér að því að umskrá orðið. Lesturinn þarf að vera liðlegur og með réttum áherslum svo að athyglin geti beinst að lesskilningi (Steinunn Torfadóttir og Helga Sigurmundsdóttir, Lesvefurinn).

## Lesskilningur

Lesskilningur er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklings. Um er að ræða hæfni til að skilja texta í mismunandi samhengi, sjónarhornum, tilgangi og markmiðum. Hann vísar til skilnings og endurheimtar á því sem börn lesa (Burn, Griffin & Snow. 1999).

---

## Lestrarkennsluaðferðir

Það er enginn ein kennsluaðferð sem hentar öllum nemendum við að læra að lesa. Kennarar þurfa að velja raunprófaðar kennsluaðferðir og byggja kennsluskipulag og val aðferða á frammistöðu nemenda í lestri. Markmið lesturs er að skilja textann sem lesinn er. Það krefst þess að nemendur hafi góðan orðaforða og geti fylgst jafnóðum með því sem þeir lesa og geti tengt við fyrri reynslu og þekkingu til að skilja og vinna úr því. Í Flataskóla byggir lestrarkennsla á hljóðaaðferðinni. Aðrar gagnreyndar aðferðir eins og PALS og Gagnvirkur lestur eru líka nýttar til lestrarkennslu.

## Hljóðaaðferðin

Grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu. Helsti kostur aðferðarinnar er að nemendur læra skilvirka tækni til að lesa stöðugt ný og ný orð sem koma fyrir í texta. Durkin (1978-1979) skilgreinir hljóðaaðferðina sem: „hverja þá aðgerð sem kennari beitir til að kenna nemendum að umskrá orð. Þetta getur falist í eftirfarandi aðferðum:

- **Samtengjandi og sundurgreinandi aðferð.** Nemendur læra heiti bókstafina, hvaða hljóð þeir eiga og hvernig á að tengja hljóð þeirra saman í orð. Nemendur geta fljótlega farið að lesa stutt orð og einfalda texta sem innihalda þá stafi sem þeir eru búnir að læra. Nemandinn segir hljóð stafanna í orðunum með því að „hljóða sig gegnum orðin“. Þetta kallast að umskrá orðið, en það felst í því að nemandinn verður að geta aðgreint (sundurgreint) öll hljóðin í orðinu til þess að greina hljóð orðsins, og heyrt hvaða orð hann er að lesa. (Dæmi: sólin s-ó-l-i-n (sundurgreining) = sólin (samtenging)). Lögð er áhersla á að lesa stutta, einfalda, merkingarbæra texta sem stigþyngjast eftir því sem nemendur þjálfast í lestrinum. Þannig verða orðin smám saman erfiðari í umskráningu og innihald textans stöðugt flóknara, þannig að meira reynir á lesskilning.
- **Sundurgreinandi og samtengjandi aðferð.** Unnið með tengsl bókstafa og hljóða gegnum ritun. Nemandinn lærir að skrá orð með bókstöfum og skynjar um leið að orðin hafa hljóð sem hægt er að tákna með bókstöfum (sundurgreining). Nemandinn les orðin sem hann skrifar (samtenging). Oft er byrjað á að vinna með orð sem nemandinn þekkir og unnið með orðalista sem hafa svipað stafamynstur eða skrifuð saga með aðstoð orðkorta og kennara.
- **Greining orðhluta.** Þetta felst í því að finna orð sem hafa sama stafamynstur (innihalda sömu bókstafi) og læra utan að hvernig þetta stafamynstur hljómar og geta sagt það án þess að hika þegar það birtist í texta, sbr. **hús, hús** (-ið), **hús** (-in), **hús** (-bíll), **hús** (-þak). Ehri (2005) telur að þessi aðferð gagnist ekki til lengdar, nema að nemandinn hafi þekkingu á tengslum bókstafa og hljóða (Steinunn Torfadóttir, Lesvefurinn.)

## Pals

- *Peer assistand learning strategies* (PALS) sem hlotið hefur nafnið **Þör að læra saman** á íslensku er afar vel rannsökuð og árangursrík kennsluaðferð til að þjálfra lesfimi og lesskilningsaðferðir í blönduðum bekkjardeildum.
- Vinnuferlið - Umsjónarkennari styðst við niðurstöður úr lesfimiþrófum til að para nemendur, tvo og tvo saman.

- 
- Kennari velur síðan lesefni af hæfilegri þyngd og miðar þyngdarstigið ætíð við slakari lesandann og kennir þeim að lesa samkvæmt ákveðnum reglum.
  - Nemendur æfa sig í að beita lesskilningsaðferðum með markvissum hætti, þ.e. að veita aðalatriðum athygli, draga þau saman og spá fyrir um það sem kemur næst í sögunni (Lesvefurinn).

## Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur felur í sér kennslu fjögurra þátta, sem oftast fer fram í hópakennslu. Nemendum er kennt:

- að taka saman meginatriði efnisins
- að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans
- að leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst
- að spá fyrir um framhald texta.

Nemendur læra að taka saman meginatriði til að greina mikilvægustu atriði textans. Einnig að spyrja spurninga um efni textans á mismunandi hátt. Tilgangur þess að spyrja spurninga er að athuga hvort lesandi hafi skilið efnið og fest í minni það sem mikilvægt er að muna úr því. Að útskýra krefur nemendur um að taka eftir orðum eða hugtökum sem þeir skilja ekki og leita skýringa. Með því að spá fyrir rifja nemendur upp það sem þeir vita fyrir um efnið og setja fram tilgátu um hvað gæti gerst næst. Síðan lesa þeir áfram til að sannreyna, afsanna eða endurskoða tilgátuna. Þessir þættir auka skilning og gefa lesara tækifæri til að fylgjast með skilningi sínum sem er hluti af góðri námsvitund. Nemendur læra að nálgast lestur á virkan og skipulagðan hátt og læra námshegðun sem hjálpar þeim að verða sjálfstæðari í lestri sínum og færari um að fást við stöðugt flóknara lesefni. (Úr: „Lesið til skilnings“, kennarahandbók í gagnvirkum lestri eftir Önnu Guðmundsdóttur, útg. Námsgagnastofnun, 2007).

---

## Samvinna heimilis og skóla í lestrarnámi barna

Stuðningur foreldra við lestrarnám barna sinna alla skólagönguna getur haft mikil áhrif á hversu farsælt það verður. Reglulegur heimalestur, rík málræn samskipti og lestrarhvetjandi umhverfi almennt vege þar þyngst. Mikilvægt hlutverk þeirra í lestrarþjálfuninni er heimalestur allt skólaárið. Barnið þarf að lesa upphátt daglega í a.m.k. 15 mínútur, skapa þarf rólegt og afslappað umhverfi fyrir heimalesturinn og setja hann í rútinu. Nauðsynlegt er að sitja hjá barninu og fylgjast með lestrinum, leiðrétta þegar orðin eru lesin rangt og hrósa þegar rétt er lesið. Stundum getur verið nauðsynlegt að lesa hverja blaðsíðu tvisvar eða þrisvar og gefur kennari þá fyrirmæli um slíkar áherslu. Hluti af lestrarnáminu er að skrá lestur barnsins á skráningarblað/bók sem barnið hefur ásamt bókinni í möppu og hefur alltaf í skólatöskunni. Umsjónarkennari skoðar kvittanahefti reglulega, heldur bókhald yfir lesturinn og afhendir barninu nýjar bækur þegar þess þarf.

Eitt skref í einu er lesfimiþjálfun þar sem foreldrar eru þjálfarar. Efnið er aðgengilegt á vef MMS og auðvelt er að prenta út og fylgja eftir. <https://mms.is/eitt-skref-i-einu-lesfimithjalfun>.

Ákveðið verklag er um heimalestur sem gott er að kynna vel fyrir foreldrum.

Mikilvægt er að hætta ekki að lesa fyrir börnin þó að þau séu sjálf farin að lesa. Haldið áfram að lesa með börnunum, ræðið um innihaldið sögunnar og orðaforða. Tengid lestur bóka við notalegar fjölskyldustundir og skapið gæðastundir.

Menntamálastofnun hefur sett fram ýmiskonar áhugavert kynningarefni og myndbönd til þess að hvetja foreldra til frekari þátttöku í heimalestri barna sinna. Lesum meira er sett fram á áhrifaríkan hátt og tilvalið að nýta á foreldrafundum <https://www.lesummeira.is/>. Fleiri hugmyndir þessu tengt er að finna á <https://mms.is/laesisverkefni>

---

## Niðurstöður prófa og skimana

Við upphaf skólagöngu (1.bekk) safnar bekkjarkennari saman upplýsingum til þess að styðjast við og nýta við skipulag lestrarkennslu.

- Niðurstöður HLJÓM-2
- Lesskimun fyrir fyrsta bekk í október
- Stafabekking

Í öðrum árgöngum styðjast bekkjarkennarar við niðurstöður úr prófum og skimunum og nýta við skipulag kennslu. Snemmtæk íhlutun hefst strax í 1. bekk og er álitin draga úr sérkennsluþörf á eldra stigi. Séð er til þess að börn lesi lestrarbækur við hæfi. Endurtekin lestur gagnast vel þegar verið er að ná upp tæknilestri. Kennarar útbúa einstaklingsáætlun fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá námsefni árgangsins og skipleggja fámenna námshópa og áhersla lögð á þá þætti sem þarf að þjálfa betur.

## Lesferill

Lesferill er matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Matstækið er staðlað og metur lestrarfærni nemenda miðað við jafnaldra <https://mms.is/um-lesferil>

**Lesskimun fyrir fyrsta bekk** fer fram í október.

Eftirfarandi þættir eru prófaðir:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðabekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund

Lesskimunarprófið gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hversu vel nemendur eru undirbúnir til þess að takast á við lestrarnámið. Brugðist er við með ólíkum hætti eftir því hvernig styrk- og veikleikar nemenda birtast í hverjum þessara færniþátta. Bekkjarkennarar í 1.bekk og sérkennari leggja skimunina fyrir. Unnið er sérstaklega með nemendur sem koma út í Áhættu 1 og 2.

**Lesferill** er lagt fyrir af bekkjarkennara í september, janúar og maí. Niðurstöður eru skráðar í gagnagrunn og sýna stöðu nemenda miðað við jafnaldra. Lesfimiþrófin eru einstaklingspróf þar sem nemandi les í tvær mínútur í senn. Lesfimiþrófin meta leshraða/sjálfvirkni, lestrarnákvæmni og hrynræna þætti. Niðurstaða lesfimiþrófa birtast í orðum á mínútu. Lesfimiviðmið fylgja hverjum árgangi. (Sjá lesfimiviðmið fyrir Lesferil).

Markmið með lesfimiþrófa er að fylgjast með framförum og þróun lestrarfærni hjá nemendum. Í þeim tilfellum þar sem nemendur ná ekki að sýna jafnar framfarir og fylgja árangri er reynt að grípa inn í sem fyrst í formi stuðnings/sérkennslu. Þannig má koma í veg fyrir að nemendur dragist aftur úr jafnöldrum. Mikilvægt er að fylgjast með inngripi og fylgja eftir námsáætlun fyrir einstaka nemendur.

**Stuðningspróf MMS** meta stöðu jafnaldra í ákveðnum þáttum. Prófin eru tvö og prófa sjónrænan orðaforða og orðleysulestur. Fyrirlagnartímabilið er í september, janúar og maí. Stuðningsprófin eru lögð fyrir þá nemendur sem fylgst er með sérstaklega vegna gruns um lestrarvanda.

## Logoskimun

Nemendur í 3. og 6.bk. sem ná 90% eða minna af lágmarksviðmiðum MMS eru skimaðir með lestrargreiningarprófinu Logos. Markmiðið er að finna nemendur sem eiga við lestrarvanda að stríða og bregðast við. Viðbrögð geta falir í sér mismunandi þjálfunarleiðir fyrir nemendur í samstarfi við foreldra og umsjónarkennara/sérkennara. Sækja þarf sérstaklega um fulla logosgreiningu ef þjálfun ber ekki árangur.

## Lesskilningspróf - Orðarún

Orðarún er staðlað próf fyrir nemendur í 3.-7.bekk. Prófin eru tvö fyrir hvern árgang. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og átta sig á staðreyndum, geta lesið á milli línanna og dregið ályktanir. Niðurstöður prófsins eru bornar saman við viðmið sem gefin eru út fyrir hvert próf.

## Samræmd próf

Samræmd próf eru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk í vor <https://mms.is/samraemd-konnunarprof> Þegar niðurstöður berast skólunum eru þær nýttar og hafðar til hliðsjónar við skipulag kennslu fyrir nemendur.

## Sérkennari

Sérkennari fylgist með nemendum þar sem framvinda í lestrarnámi gengur hægar en hjá jafnöldrum. Hann endurprófar nemendur eftir þörfum. Við þá eftirfylgd eru nýttar niðurstöðum úr lesfimi og stuðningsprófum, stafsetningar- og lesskilningsprófum og skimunum. Íhlutun með stuðningskennslu er unnin í samvinnu við foreldra og kennara.

Tafla 1. Lesfimiviðmið fyrir *Lesferil* – Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.


| Aldur nemenda | Lágmarksviðmið | Almenn viðmið | Metnaðarfull viðmið |
|---------------|----------------|---------------|---------------------|
|               | 90%            | 50%           | 25%                 |
| 1. bekkur     | 20             | 55            | 75                  |
| 2. bekkur     | 40             | 85            | 100                 |
| 3. bekkur     | 55             | 100           | 120                 |
| 4. bekkur     | 80             | 120           | 145                 |
| 5. bekkur     | 90             | 140           | 160                 |
| 6. bekkur     | 105            | 155           | 175                 |
| 7. bekkur     | 120            | 165           | 190                 |
| 8. bekkur     | 130            | 180           | 210                 |
| 9. bekkur     | 140            | 180           | 210                 |
| 10. bekkur    | 145            | 180           | 210                 |



---

## Lestrarskipulag

Lestrarskipulag byggir á því að mæta nemendur þar sem þeir eru staddir. Snemmtæk íhlutun strax á fyrstu skólaárunum kemur mögulega í veg fyrir lestrarerfiðleika seinna meir. Í Flataskóla er unnið er út frá hugmyndafræði (Walpole og McKenna, 2007) um þriggja þrepa kennsluskipulag. Þannig er hægt að koma til móts við sem flesta nemendur um íhlutun.



**Þrep 1.** Allir nemendur vinna í hefðbundnu bekkjarskipulagi og að sömu verkefnum undir stjórn bekkjarkennara. Nemendur vinna verkefnið ymist einir eða í hópum.

**Þrep 2.** Kennt er í færnimiðuðum hópum undir stjórn bekkjarkennara. Í einum hópnum er yfirferð hægari og tíð upprifjun. Í öðrum hópi takast nemendur örar á við ný viðfangsefni. Samsetning nemendahópa tekur breytingum eftir framförum nemenda.

**Þrep 3.** Nemendur sem ekki taka framförum á 1. og 2. þrepi þurfa hnitmiðaða námsáætlun og námsefni við hæfi. Kennsla þeirra getur farið fram innan bekkjar eða utan í fámennum hópi og/eða einstaklingslega/sérkennsla.

---

Hér á eftir er farið yfir helstu próf, skimanir og viðmið um sérkennslu sem árgangar nýta við skipulag lestrar- og sérkennslu. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í lestrarþróuninni

## 1. bekkur

- ✓ Niðurstöður Hljóms-2 úr leikskóla eru hafðar til hliðsjónar við skipulag lestrarkennslu
- ✓ Stafabekking og lestrarfærni könnuð í skólabyrjun og lestrarkennsla skipulögð út frá því
- ✓ Stafakönnun (MMS) lögð fyrir nemendum af sérkennara að hausti. Umsjónarkennarar leggja hana fyrir í jan og maí.
- ✓ Lesskimun fyrir fyrsta bekk lagt fyrir nemendum í október.
- ✓ Sérkennari endurmetur nemendum sem koma út „í áhættu“ við lesskimun og eftir þörfum.
- ✓ Lesferill – lesfimiþróf lagt fyrir einstaka nemendum í upphafi skólagöngu af sérkennara.
- ✓ Lesferill – lesfimiþróf er lagt fyrir flesta nemendum í janúar og alla nemendum í maí af umsjónarkennara.

### **Markmið:**

***Að vori í 1.bekk er stefnt að því að 50% nemenda lesi 55 orð á mínútu eða meira***

- Að nemendur séu öruggir á öllum stöfum, stórum og litlum og þeim hljóðum sem þeir standa fyrir
- Geti notað hljóðaaðferð af öryggi við lestur bullorða

### **Haustönn:**

Lestrarpróf að hausti. Sérkennari leggur létt lestrarpróf fyrir einstaka nemendum og kannar lestraröryggi ásamt stafabekkingu. Þeir nemendur sem farnir eru að tengja stafi fá lesefni. Lesskimun fyrir fyrsta bekk er lögð fyrir nemendum í október af umsjónarkennurum og sérkennara. Niðurstöður eru nýttar til eftirfylgni.

Unnið er sérstaklega með nemendum sem:

- Lenda í „áhættu 1“ og „áhættu 2“ í lesskimun fyrir fyrsta bekk. Eftirfarandi þættir eru prófaðir: málskilningur og orðaforði / bókstafa og hljóðabekking / hljóðkerfis- og hljóðavitund.

### **Vorönn:**

Unnið er sérstaklega með nemendum sem:

- ekki ná því að fylgja stafainnlögn bekkjarins
- eiga langt í land með að skilja tengsl stafs og hljóðs

---

## 2. bekkur

- ✓ Lesferill – lesfimiþróf er lagt fyrir nemendur í september, janúar og maí af umsjónarkennara
- ✓ Aston Index stafsetningarskimun að hausti
- ✓ Sérkennari metur lesfimi nýrra nemenda.
- ✓ Umsjónarkennari/sérkennari nýtir stuðningsþróf MMS fyrir einstaka nemendur.
- ✓ Sérkennari endurmetur lesfimi nemenda sem eru undir lágmarksviðmiðum MMS í október og mars og þá nemendur sem sérstaklega er fylgst með eftir þörfum.
- ✓ Sérkennari metur stafþekkingu nemenda sem komu út í áhættu við lesskimun að hausti.

### **Markmið:**

***Að vori í 2.bekk er stefnt að því að 50% nemenda lesi 85 orð á mínútu***

### **Haustönn:**

Unnið er sérstaklega með nemendur sem:

- ekki þekkja alla stafi eða geta tengt 2-3 hljóð saman í orð
- börn sem lesa minna en 20 orð á mínútu í lesfimiþrófi MMS í september
- koma út í áhættu í stuðningsþrófum MMS
- eru með slaka lestrarnákvæmni (90% eða minna)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi

### **Vorönn:**

Unnið er sérstaklega með nemendur sem:

- lesa minna en 30 orð á mínútu í lesfimiþrófi MMS í janúar
- koma út í áhættu í stuðningsþrófum MMS
- eru með slaka lestrarnákvæmni (90% eða minna)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi

---

### 3. bekkur

- ✓ Lesferill – lesfimiþróf er lagt fyrir nemendur í september, janúar og maí af umsjónarkennara.
- ✓ Orðarún, staðlað lesskilningsþróf (skimun) frá MMS er lagt fyrir nemendur tvisvar á ári.
- ✓ Aston Index stafsetningarskimun að hausti
- ✓ Sérkennari metur lesfimi nýrra nemenda.
- ✓ Sérkennari endurmetur lesfimi nemenda sem eru undir lágmarksviðmiðum árgangs í október og mars og eftir þörfum
- ✓ LOGOS-lesskimun er lögð fyrir nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðum eða koma út í áhættu á stuðningsþrófum MMS

#### **Markmið:**

***Að vori í 3.bekk er stefnt að því að 50% nemenda lesi 100 orð á mínútu eða meira. Lesskilningur að vori (Orðarún): að sem flestir geti svarað a.m.k. 15 atriðum rétt af 20.***

#### **Haustönn:**

Unnið er sérstaklega með nemendur sem:

- lesa minna en 40 orð á mínútu í lesfimiþrófi í september
- koma út í áhættu í stuðningsþrófum MMS
- eru með slaka lestrarnákvæmni (90% eða minna)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi

#### **Vorönn:**

Unnið er sérstaklega með nemendur sem:

- lesa minna en 50 orð á mínútu í lesfimiþrófi í janúar
- koma út í áhættu í stuðningsþrófum MMS
- eru með slaka lestrarnákvæmni (90% eða minna)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi
- ná ekki markmiðum í lesskilningsskimun

---

## 4. bekkur

- ✓ Lesferill – lesfimiþróf er lagt fyrir nemendur í september, janúar og maí af umsjónarkennara
- ✓ Orðarún, staðlað lesskilningsþróf (skimun) er lagt fyrir nemendur tvisvar á ári.
- ✓ Aston Index stafsetningarskimun að hausti
- ✓ Sérkennari metur lesfimi nýrra nemenda.
- ✓ Sérkennari endurmetur nemendur sem eru undir lágmarkmsviðmiðum árgangs í október og mars og eftir þörfum
- ✓ Nemendur taka samræmt þróf í íslensku að vori.

### **Markmið:**

**Að vori í 4.bekk er stefnt að því að 50% nemenda lesi 120 orð á mínútu eða meira. Lesskilningur að vori (Orðarún): að sem flestir geti svarað a.m.k. 15 atriðum rétt af 20.**

Unnið er sérstaklega með nemendur sem:

- lesa minna en 60 orð á mínútu í lesfimiþrófi
- komi út í áhættu á stuðningsþrófum MMS
- eru með slaka lestrarnákvæmni (94% eða minna)
- skrífa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi
- undir raðeinkunn 25 á samræmdum þrófum
- ná ekki markmiðum á lesskilningsþrófi

## 5. bekkur

- ✓ Lesferill – lesfimiþróf er lagt fyrir nemendur í september, janúar og desember af umsjónarkennara.
- ✓ Orðarún, staðlað lesskilningsþróf (skimun) er lagt fyrir nemendur tvisvar á ári.
- ✓ Aston Index stafsetningarskimun að hausti
- ✓ Sérkennari metur lesfimi nýrra nemenda
- ✓ Sérkennari endurþrófar lesfimi nemenda sem eru undir lágmarksviðum árgangs í október og mars og eftir þörfum

### **Markmið:**

**Að vori í 5.bekk er stefnt að því að 50% nemenda lesi 140 orð á mínútu eða meira. Lesskilningur að vori (Orðarún): að sem flestir geti svarað a.m.k. 15 atriðum rétt af 20.**

Unnið er sérstaklega með nemendur sem:

- lesa minna en 70 orð á mínútu í lesfimiþrófi
- koma út í áhættu á stuðningsþrófum MMS
- eru með slaka lestrarnákvæmni (94% eða minna)
- skrífa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi
- ná ekki markmiðum í lesskilningsþrófi

---

## 6. bekkur

- ✓ Lesferill – lesfimiþróf er lagt fyrir nemendur í september, janúar og maí
- ✓ Orðarún, staðlað lesskilningsþróf (skimun) er lagt fyrir nemendur tvisvar á ári.
- ✓ Aston Index stafsetningarskimun að hausti
- ✓ Sérkennari metur lesfimi nýrra nemenda.
- ✓ Sérkennari endurmetur lesfimi nemenda sem eru undir lágmarksviðmiðum árgangs í október og mars og eftir þörfum.
- ✓ LOGOS lesskimun lögð fyrir nemendur sem koma út í áhættu á stuðningsþrófum MMS.

### **Markmið:**

***Að vori í 6. bekk er stefnt að 50% nemenda lesi 155 orð á mínútu eða meira. Lesskilningur að vori (Orðarún): að sem flestir geti svarað a.m.k. 15 atriðum rétt af 20.***

Unnið er sérstaklega með nemendur sem:

- lesa minna en 80 orð á mínútu í lesfimiþrófi
- komi út í áhættu á stuðningsþrófum MMS
- eru með slaka lestrarnákvæmni (94% eða minna)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi
- ná ekki markmiðum á lesskilningsþrófi

## 7. bekkur

- ✓ Lesferill – lesfimiþróf er lagt fyrir nemendur í september, janúar og maí af umsjónarkennara.
- ✓ Orðarún, staðlað lesskilningsþróf er lagt fyrir nemendur (skimun) tvisvar á ári.
- ✓ Aston Index stafsetningarskimun að hausti
- ✓ Sérkennari metur lesfimi nýrra nemenda
- ✓ Sérkennari endurmetur lesfimi nemenda sem eru undir lágmarksviðmiðum árgangs í október og mars og eftir þörfum.
- ✓ Samræmd þróf í íslensku að vori.

### **Markmið:**

***Að vori í 7. bekk er stefnt að því að 50% nemenda lesi 165 orð á mínútu eða meira. Lesskilningur að vori (Orðarún): að sem flestir geti svarað a.m.k. 15 atriðum rétt af 20.***

Unnið er sérstaklega með nemendur sem:

- lesa minna en 90 orð á mínútu í lesfimiþrófi
- koma út í áhættu á stuðningsþrófi MMS
- ná ekki markmiðum í lesskilningsþrófi
- eru með slaka lestrarnákvæmni (94% eða minna)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi
- undir raðeinkunn 25 á samræmdum þrófum í ákveðnum þáttum

---

---

---